

### Skrá 3. Haugburður, vallarvinna og hirðing eldiviðar

#### ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS III.

##### Inngangsorð

Hirðing áburðar og eldsneytis var mikill og merkur þáttur í bústörfum liðins tíma. Hér hefur verið tekin saman spurningaskrá varðandi haugburð, vallarvinnu og hirðingu eldsneytis úr húsdýraáburði. Eins og áður er hér einkum miðað við fyrri tíð, áður en ný tæki, svo sem hestvagnar, stunguskóflur og stálkvíslar fóru verulega að koma til sögunnar. Vafalaust er ýmislegt undanfellt sem ástæða hefdi verið til að spyrja um. Því er þess óskað enn sem fyrr að hver og einn, sem leitað er til, fylli í eyðurnar. Munið að skrifa á síðuna andspænis ef of lítið rúm er ætlað fyrir svarið.

Heiti:

Heimili:

Fæðingardagur og ár:

Hvar er heimildarmaður fæddur og hvar hefur hann dvalist á fullorðinsárum?

Nöfn og fæðingarstaðir foreldra:

Við hvaða sveit eða hérað eru svörin einkum miðuð?

##### I. HLUTI

1.a) Hvenær hófs haugburður að hausti og undir hvaða nafni gekk verkið (haugburður, haustburður, að bera á völl o.s.frv.)?

b) Höfðu bændur samvinnu um það verk eða vann hver bóndi það með heimafólki sínu?

2. a) Þekktist það að fjóshaug væri ekið á tún á sleðum eða trogbera?

b) Lýsið haugслеða og trogbera.

c) Átti það sér stað að mykja væri borin á handbörum út á túnið úr haugstæði eða frá fjósi?

d) Hvernig var mykjunni þá komið fyrir á túni (látin standa í hlössum eða drepit á þúfnakolla t.d.)?

e) Hvað var slík breiðsla kölluð (að penta, að skammta upp á eða annað) og hvernig var ávinnslu hennar háttáð?

3. a) Hvað hétu tæki sem notuð voru til haugburðar (taðkláfar, mykjukláfar, mykjulaupar eða annað)?

b) Hvaða gerða af kláfum var algengust (rimlakláfar, þiljukláfar t.d.)?

c) Hvað hét botn taðkláfa (kláfslok, hleypilok eða annað)?

d) Hvað hét speldið (ásinn) sem hélt kláfsloki uppi (valtaroki, skelloki eða annað)?

e) Áttu aðrir hlutar kláfa nokkur sérstök heiti?

f) Með hverju voru kláfar silaðir upp á klyfberaklakka og hvað hét silinn (ólasili eða annað)?

g) Var sérstakt áhald notað til að hreinsa kláfa er hleypt hafði verið úr þeim? Hvað hét það og hvar var það varðveitt milli árstíða?

h) Var breitt undir kláfa til að hlífa reiðingnum (skinn eða annað) og hvað hét það (haugbjór eða annað)?

i) Voru kláfar notaðir til annars en haugburðar (við búferlaf lutninga t.d.) og hvar voru þeir geymdir milli árstíða?

j) Skrifit hér gátur eða vísur um kláfa ef til eru (sbr. "Tveimur úr lofti verður veitt" o.s.frv.).

4. a) Þjuggust menn hlífðarfötum til haugburðar og áttu þau nokkurt heiti?

b) Var föst verkaskipting við haugburð (einn að moka í, annar að teyma, þriðji að losa t.d.)?

5. a) Með hvaða áhöldum var mokað í kláfana (varreku eða kvísl t.d.)?

b) Hvað voru mokaðar margar rekur í kláfinn (3 vænar rekufyllir t.d.)?

c) Hvað hét sárið sem mokaðist í hauginn (stál t.d.)?

d) Hvað var borið á mörgum hestum (þremur t.d. einn í haug, annar á leið út á túnið, þriðji í losun)?

e) Hvað var hæfilegt dagsverk fyrir hestinn (50 ferðir t.d.)?

f) Var alltaf fylgst með því og þá á hvern hátt?

6. a) Hverjir leiddu úr haug (börn eða unglingar) og hvað hét verkið (að leiða haug, teyma úr eða annað)?

b) Leiddi sá sami út á túnið og í hauginn aftur eða aðeins til móts við annan?

c) Hvernig var hesturinn teymdur í hauginn (látinn hopa á hæli að haugnum t.d.)?

7. a) Var nokkurt ákveðið bil milli hlassastæða (hestburða) á túni?

b) Var þess ætíð gætt að hafa hlössin í beinum röðum?

c) Þótti það vanda- eða ábyrgðarverk að hleypa úr kláfunum og hvað var verkið kallað (að kippa, losa, hleypa niður eða annað)?

8. a) Var gerður dagamunur í mat á haustburðardögum og átti glaðningur þá visst heiti (haugbiti t.d.)?

b) Var litli skattur etinn úti við starfið, er unnið var að haugburði (borinn í öskjum til fólksins)?

9. a) Var mykja látin bíða í hrúgum vetrarlangt og hvað hétu þær (hlöss eða annað)?

b) Þekktist sú skoðun að betri væri ein haustbreiðsla en tvær vorbreiðslur?

10. a) Hvenær var byrjað að vinna á túnnum að vori og hvað var verkið kallað (no. voryrkjur, vallarvinna og so. að voryrkja, að vinna á vellinum, o.s.frv.)?

b) Þekkjast sagnir um það að voryrkjur hafi byrjað á sumardaginn fyrsta og þá af hvaða orsökum?

c) Hvaða áhöld voru notuð við ávinnslu (reka, trékvísl, vallarklára (klár), skafa, keppur (hnallur), trog, slóði, o.s.frv.)

d) Lýsið þeim.

e) Hvað hétu einstakir hlutar kláru (klárs), (kláruskaft, kláruhaus, var, hlýrar- árétti, flaugar, greinar - o.s.frv.)?

f) Hvenær var byrjað að nota slóða og taðkvörn?

11. Lýsið ávinnslu sem greinilegast frá því er byrjað var að hreyfa við hlössunum og þar til búið var að ausa út. Greinið orð og orðasambönd sem um það voru notuð (moka upp, mylja á, berja í garðinn, skammta upp á, nudda ofan í, o.s.frv.)

12. a) Hvaða merkingu hafði það ef klárur eða verkfæri kræktust saman við vinnu?

b) Hvað boðaði það er vinnufólk braut verkfæri sín (að það bryti sig úr vistinni t.d.)?

13. a) Hvað nefndist úrgangstað sem hreinsað var úr túnnum (afrak, útburður, úrrak eða annað) og hvað var gert við það?

b) Hvaða áhöld voru notuð við hreinsun túna (klára, hreinsunarhrífa t.d.)?

c) Lýsið hreinsunarhrífu.

- d) Átti hún annað nafn (klár, klára t.d.)?
- e) Var gerður dagamunur í mat þegar búið var að hreinsa túnið (raka af) og hvað var sú aukageta kölluð?

## II. HLUTI

- 14. a) Var hesthúshaugur borinn á tún með sama hætti og fjóshaugur og þá aðeins til áburðar?
- b) Var hesthúshaugur borinn í kálgarða fremur en t.d. fjóshaugur?
- c) Hvernig var dreift úr hrossatöðum á túni (með kvísl, klárum eða á annan hátt)?
- d) Var hrossatöðum safnað í högum til eldiviðar og hvað kölluðust þau þá (aukatöð eða annað)?
- e) Hvernig var aukatöðum safnað (tínd í svuntur eða poka t.d.)?

## III. HLUTI

- 15. a) Hvenær hófst haugburður að vori og hvað kallaðist hann (vorburður t.d.)?
- b) Var þá aðeins borið á til eldiviðar?
- c) Var orðið eldiviður notað í merkingunni eldsneyti yfirleitt eða merking þess bundin við vissar tegundir eldsneytis?
- d) Hvernig var kannað hvort áburðarhross væru laupageng (lokafær, ferðafær) í byrjun vorverka (óróinn sjóvettlingur lagður milli læra á þeim t.d.)?
- e) Var losað (kippt) þéttar þegar borið var á til eldiviðar en venja var til í haustburði?
- f) Var alltaf fylgst með tölu hestburða af mykju sem ætluð var til eldiviðar og hvað kallaðist minnisfjöl sem þá var höfð í haugstæði (haugspýta eða annað)?
- g) Hvernig var merkingu hennar háttáð (skoruð fyrir hvern hest sem teymdur var úr haugnum eða aðeins fyrir einn í hópnum)?
- h) Hvernig var dreift úr vorburði til eldiviðar og hvað var sú breiðsla kölluð (hreinbreiðsla, klínungur eða annað)?
- i) Hvað hét þurr eldiviður úr mykju (hreinatað, kögglar eða annað, sbr. andstæðan óhreinatað)?
- i) Hvernig var unnið að "hreinataði" á þurrrkvelli (rifjað og rakað saman með hrifu eða kláru t.d.)?
- j) Hvernig var "hreinatað" tekið upp (rakað með kláru í poka eða á brekán t.d.)?
- k) Hvernig var "hreinatað" flutt til taðstáls?
- l) Þótti betra að hitnaði í "hreinataði" í taðstáli?
- l) Segið hér frá öðru sem sérstætt mátti telja við hirðingu áburðar og eldiviðar úr mykju. Þekktist það t.d. að húsdýraáburður væri drýgður með mold eða öðrum efnum? Þekktist það að mykja væri blönduð vatni og borin á sem for og kannast menn við orðin haustfor, vorfor, lokafor, Jónsmessu- eða fardagafor, vatnsfor, forarponta, forarprestur o.s.frv.?

- 16. a) Hvað kallaðist sauðatað í fjárhúsum (skán, tað eða annað)?
- b) Voru fjárhús stungin út (hreinsuð) oft á ári og hvað nefndist verkið (að stinga út eða annað)?
- c) Með hvaða áhaldi var stungið út úr fjárhúsum (torfpáli, stunguskóflu eða öðru)?
- d) Hvernig var staðið að því að stinga út (stungið um þvert hús eða í horn t.d.)?
- e) Hvað hét hver einstakur taðhnaus (skán, taðflaga, hnaus eða annað)?
- f) Greinið stærð hans og lögum hér um bil.
- g) Hverjir báru til dyra (börn og unglingar t.d.) og hvað var verkið kallað (að bera til dyra, bera út eða annað)?
- h) Hvað hét taðmylsna í fjárhúsum (moltað eða annað)?

i) Þekktist orðið hrútamold um taðmylsnu (afrak) í hrútaskíu og þjóðtrú í sambandi við hana?  
j) Var taði hlaðið í hrauk við fjárhúsdyr eða var það flutt á þerrivöll samdægurs og stungið var út?

17. a) Hvaða dagur var merkilegur fyrir skánarþurrk?  
b) Hvort orðið var algengara, skánarþurrkur eða taðþurrkur?  
c) Hvernig var tað flutt á þerrivöll frá fjárhúsi (borið á handbörum, flutt í kláfum, á torfkrókum o.s.frv.)?  
d) Hvað þótti hæfilegt að leggja marga taðhnausa (skánir) á hest?

18. a) Á hvaða tíma vors var venjulega byrjað á taðverkum (um sumarmál eða síðar)?  
b) Átti þerrivöllur fyrir tað nokkurt sérstakt heiti (eldiviðarbali, taðbali t.d.)?  
c) Var það einkum kvennaverk að kljúfa skán eða vinna taðverk á velli?  
d) Var skán klofin í flögur um leið og hún var flutt á þerrivöll eða síðar?  
e) Hvernig var staðið að því að kljúfa skán og hvað hét áhaldið sem til þess var notað (taðspaði, skánarspaði t.d.)?  
f) Lýsið taðspaða.  
g) Hvað kallaðist klofin skán (taðflaga eða skán einungis t.d.)?  
h) Hvað hét skán sem gleymdist að kljúfa á þurrkvelli (holubarn, hjábarn eða annað)?

19. a) Hve lengi var skán látin liggja í breiðslu í sæmilegum þurrki og hvað var það kallað (að visa skán, skelja skán eða skurna)?  
b) Hvernig var skán hreykt úr breiðslu og hvað kallaðist verkið (að skrúfa skán eða annað)?  
c) Hvernig var skán hagrætt, er þurrki var langt komið eða regn var í vændum, og hvað hét sú hreyking (að húsa skán, hreykja eða annað)?

20. a) Var sérstakur taðkofi (taðhús) á bæjum eða var taðgeymsla hluti af eldhúsi?  
b) Var orðið taðstál notað um taðgeymslu í eldhúsi?  
c) Var það einnig notað í sömu merkingu og t.d. heystál í heyi?

21. a) Var skán flutt beint í taðhús (taðstál) af þurrkvelli eða að einhverju leyti hlaðið í hrauk úti?  
b) Lýsið skánarhrauk (taðhlaða).  
c) Hvernig var hann varinn gegn vætu?  
d) Hvernig var skán flutt í taðstál (í pokum, kláfum eða á annan hátt)?  
e) Var sérstakt taðop á taðkofum eða gat rofið á þekju fyrir taðhirðingu og hvað var það kallað?  
f) Hvernig var gengið frá skán í taðstáli (hlaðið upp eða hvolft inn af handahófi)?  
g) Hvar var gert til varnar hita þegar tað var hirt inn venju fremur blautt (haft moð eða hrís milli laga t.d.)?  
h) Var ekki tekið af taði til brennslu fyrr en það hafði fullbrotið sig (slegið út á því hita)?  
i) Var algengt að ægja börnum með taðkarli eða taðálfi í taðstóli?  
j) Var fólki gefinn nokkur aukaglaðningur í mat þegar búið var að fylla taðstálið?

## **AUKABLAÐ I.**

### Söfnun róta til mannelis.

Söfnun jurtaróta til lækninga og neyslu var ekki ómerkur þáttur í lífsbaráttu liðins tíma. Hér er óskað eftir að menn skrái þann fróðleik sem þeir kunna skil á um söfnun róta til mannelis. Í því sambandi skal bent á eftirfarandi atriði: Rótaferðir og ferðabúnaður, aðferðir og áhöld við

rótagröft, rætur bundnar í bagga, geymsluaðferðir og matreiðsla róta. Voru rótaferðir bundnar við árstíðir og árferði? Hvenær lögðust rótaferðir niður? Einstakar sagnir um rótaferðir, utan þessara atriða, eru einnig vel þegnar.

## **AUKABLAÐ II.**

### Söfnun ætisveppa.

Um söfnun ætisveppa hér á landi eru fáskrúðugar heimildir. Það eru vinsamleg tilmæli að á þetta blað verði skráð sú þekking sem mönnum er tiltæk í minni varðandi það efni. Ber það einkum að athuga eftirfarandi atriði:

1. Hvaða sveppir voru notaðir til manneldis (lýsing og heiti tegunda)?
2. Var gerð rækilega sveppaleit eða hending látin ráða um hvað hirt var?
3. Hvernig voru sveppir matreiddir?
4. Hvað hét gróhylki merarosts (físisveppur t.d.)
5. Hvað hétu gróin (kerlingareldur t.d.). Voru þau að nokkru nýt og að hvaða leyti varasöm?